

Nd.

748. Nefndarálit

[77. mál]

um frv. til l. um breyting á byggingarlögum, nr. 54/1978.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og sent það nokkrum aðilum til umsagnar.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gerði eftirfarandi ályktun um málið:

„Stjórnin hefur kynnt sér frumvarpið og mælir ekki með samþykkt þess. Þótt vitanlega sé æskilegt að gengið sé fljótt frá lóðum umhverfis byggingar þá telur stjórnin að frumvarpið komi þar ekki að gagni.“

Í umsögn skipulagsstjóra ríkisins segir m. a. að þegar lögin voru samin hafi menn verið sammála um að byggingarlög skyldu vera stuttur og gagnorð rammalög en síðan yrðu öll minni háttar atriði sett í byggingarreglugerð. Niðurstaðan hafi því orðið sú að sjálf byggingarlögin eru aðeins átta bls. og geyma aðeins þau ákvæði sem óhjákvæmilegt þótti að lögfesta. Byggingarreglugerðin er hins vegar 50 bls. og í henni eru m. a. ýmis ákvæði sem ekki var talið að þyrftu að vera í lögunum sjálfum.

Enn fremur segir skipulagsstjóri ríkisins:

„Það frumvarp, sem þér hafið sent mér til umsagnar, virðist ekki þess eðlis að það eigi heima í byggingarlögum. Miklu fremur ættu þessi ákvæði heima í reglugerð.“

Það kemur fram í umsögn skipulagsstjóra að 4. gr. geti vart staðist. Hugsanlegt væri að setja ákvæði þessu líkt í byggingarreglugerð á Reykjavíkursvæðinu en það er eina svæðið þar sem landslagsarkitektar finnast hér á landi. — Í heild leggst skipulagsstjóri ríkisins eindregið gegn því að þessi ákvæði verði tekin inn í byggingarlög.

Vinnuveitendasamband Íslands segir í umsögn sinni:

„Vinnuveitendasamband Íslands mótmælir því mjög ákveðið að sérstakar hömlur séu með löggjöf lagðar á byggingu atvinnuhúsnaðis.“

Vinnuveitendasambandið mótmælir þeim áformum, sem í frumvarpinu felast, að veita fámennum hópi manna einkarétt til þess að ákveða hvernig haga skuli fyrirkomulagi á lóðum atvinnufyrirtækja og stofnana. Sérþekking á þessu sviði standi forsvarsmönnum atvinnufyrirtækja og stofnana þegar til boða og ekki verði séð hvaða nauðsyn er á að tryggja umræddum aðilum einokunaraðstöðu hvað varðar skipulagningu og frágang lóða atvinnufyrirtækja og stofnana.

Enn fremur segir Vinnuveitendasambandið í umsögn sinni:

„Að endingu skal á það bent að frumvarp þetta er óskýrt í ýmsum mikilvægum atriðum er augljóslega hlytu að leiða til vandkvæða í framkvæmd ef að lögum yrðu. Þá er einnig ljóst að frv. þetta skerðir stórlega atvinnumöguleika fjölmennra starfsstétta, svo sem garðyrkjumanna og verkafólks, og að auki skerði það eðlilegt forræði atvinnufyrirtækja á því hvernig nýtingu lóða þeirra og landa er háttað.“

Mælir Vinnuveitendasamband Íslands eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Verslunarráð Íslands fékk frumvarpið til umsagnar og bendir á „að samþykkt þessa frumvarps hefði í för með sér óeðlilegar hömlur á byggingu atvinnuhúsnaðis. Er það því andvígt samþykkt þessa frumvarps.“

M. a. með skírskotun til þessara umsagna er það skoðun nefndarinnar að ekki beri að lögfesta ákvæði frumvarpsins.

Nefndin telur þó að þau efnisatriði, sem fram koma í 1. og 2. gr. frv. og kveða á um ítarlegri ákvæði til að tryggja að frá lóð verði gengið svo fljótt sem kostur er og aðrar framkvæmdir leyfa, þurfi hugsanlega að taka til sérstakrar athugunar í því skyni að tryggja að skýrari ákvæði um frágang lóða við opinberar stofnanir og atvinnufyrirtæki verði sett í reglugerð.

Með vísan til þess leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Reykjavík, 19. apríl 1985.

Friðrik Sophusson,
form., frsm.

Halldór Blöndal,
með fyrirvara.

Jóhanna Sigurðardóttir,
fundaskr.

Guðmundur J. Guðmundsson.
Eggert Haukdal.

Stefán Valgeirsson.

Stefán Guðmundsson.